



90. stjórnarfundur

Dagsetning	20.2.2025
Tími	16:00
Fundi lauk	17:40
Staðsetning	Flugvellir 33

Stjórnarmenn boðaðir:

Trausti Arngrímsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Sigursveinn Bjarni Jónsson, Birgir Örn Ólafsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, og Eyþór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri.
Birgir Örn ritar fund

Forföll:

Dagskrá fundar

1.	Skýrsla slökkviliðsstjóra	1
2.	Staða fjármála	1
3.	Jafnlaunavottun.....	2
4.	Ársskýrsla BS.....	2
5.	Skoðunaráætlun BS	2
6.	Húsaleigusamningur við Almannavarnir.....	2
7.	Önnur mál.....	2

Fundargerð

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri fór yfir skýrslu slökkviliðsstjóra. Í janúar fór slökkviliðið í 26 brunaútköll samanborið við 21 útkall í janúar 2024.

Í janúar voru 381 útkall á sjúkrabíll á móti 366 janúar 2024.

Brunavarnaráætlun er að renna sitt skeið á árinu og undirbúningur með HMS að nýrri í farvegi.

Samningur við Sjúkratryggingar Íslands rennur út í lok árs 2025. Samhliða yfirferð á tölfræði var farið yfir samninginn við BS og lög um sjúkraflutninga á Íslandi.

2. Staða fjármála

Staða fjármála er góð.



3. Jafnlaunavottun

Mikil vinna var lögð í viðhaldsvottun vegna jafnlaunavottunar. Strategía sá um innri skoðun og voru haldnir fimm (5) vinnufundir með starfsmanni Strategía. Öll gagnahýsing vegna gagna sem tilheyra starfsmönnum var tekið fyrir og gerð rafræn. Kom viðhaldsvottun mjög vel út en launamunur er einungis 0,3% kk í hag

4. Ársskýrsla BS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ársskýrslu BS fyrir árið 2024

5. Skoðunaráætlun BS

Slökkviliðsstjóri kynnti fyrir stjórn skoðunaráætlun eldvarnareftirlits fyrir 2025. Áætlun verður sett á heimasíður BS. Einnig var farið yfir tölfræði í tengslum við skoðunaráætlun

6. Húsaleigusamningur við Almannavarnir

Húsaleigusamningur við SSS (Almannavarnardeild Suðurnesja utan Grindavíkur) lagður fram til samþykktar.

Stjórn samþykkir samninginn og veitir slökkviliðsstjóra heimild til að skrifa undir nýjan húsaleigusamning

7. Önnur mál

Slökkviliðsstjóri fór yfir væntanleg ökutækjakaup á árinu sem eru í samræmi við fjárhagsáætlun